

ENDURSKOÐENDARÁÐ

Skýrsla um niðurstöður gæðaeftirlits 2017

Reykjavík 12. júní 2018

Skýrsla um niðurstöður gæðaeftirlits 2017

Almennt um gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda.

Endurskoðendaráð starfar samkvæmt lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur og er hlutverk þess að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur Félags löggiltre endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Gæðaeftirlit er mikilvægur hluti þess eftirlits sem endurskoðendaráði er ætlað að sinna sbr. VII. kafla laganna. Ráðið setur reglur um framkvæmd gæðaeftirlitsins og hefur eftirlit með því en framkvæmd þess er í höndum Félags löggiltre endurskoðenda (FLE) samkvæmt 13. gr. laganna.

Almennt skulu endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti eins og segir í 1. mgr. 22. gr. laganna. Þó skulu endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækni sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum (ETA) sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Af hálfu FLE hefur gæðanefnd félagsins umsjón með gæðaeftirlitinu. Gæðaeftirlitið annast sérstakir gæðaeftirlitsmenn sem endurskoðendaráð hefur samþykkt og skila þeir skýrslum að loknu gæðaeftirliti til gæðanefndar. Nefndin fer yfir hverja skýrslu og skilar þeim að lokum til endurskoðendaráðs ásamt greinargerð um eftirlitið. Endurskoðendaráð leggur eigið mat á niðurstöðu hvertar skýrslu og bregst við i samræmi við það. Samkvæmt 5. mgr. 22. gr. laganna skal endurskoðendaráð árlega birta upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins.

Undirbúningur gæðaeftirlits

Líkt og fram kemur í 22. gr. laga um endurskoðendur beinist gæðaeftirlitið að endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum og er markmið þess að stuðla að því að við framkvæmd endurskoðunar sé fylgt góðri endurskoðunarvenju eins og hún er skilgreind í bráðabirgðaákvæði II. í lögunum.

Undirbúningur gæðaeftirlits 2017 hófst í byrjun árs 2017. Alls voru 65 endurskoðendur boðaðir í gæðaeftirlit, en auk þess var einn endurskoðandi boðaður í endurtekið eftirlit vegna niðurstöðu fyrra gæðaeftirlits.

Í bréfi endurskoðendaráðs til viðkomandi endurskoðenda var í fyrsta lagi óskað eftir upplýsingum um hvaða endurskoðunarverkefni viðkomandi áritaði vegna reikningsársins 2016. Var sérstaklega óskað eftir upplýsingum um það hvort að viðkomandi áritaði endurskoðunarverkefni fyrir einingar tengdar almannahagsmunum. Í öðru lagi var óskað eftir upplýsingum um hvort viðkomandi endurskoðandi myndi árita einhver endurskoðunarverkefni með öðrum endurskoðanda og ef svo væri var óskað eftir upplýsingum um nafn þess endurskoðanda og hvaða verkefni áætlanir stæðu til um að þeir árituðu í sameiningu. Ef endurskoðandi sem lenti úrtaki áritaði endurskoðunarverkefni með öðrum endurskoðanda

leitaðist ráðið eftir því að framkvæma jafnframt gæðaeftirlit hjá þeim endurskoðanda. Var viðkomandi endurskoðanda þá í framhaldinu sent boðunarbréf og gefið tækifæri á að gera athugasemdir við framkvæmdina. Engar athugasemdir bárust ráðinu vegna þessa. Nokkur fjöldi endurskoðenda, sem boðaðir voru í gæðaeftirlit, gerðu ekki ráð fyrir að árita endurskoðunarverkefni og fallið var frá boðun eins endurskoðanda vegna sérstakra aðstæðna. Þrír endurskoðendur neituðu að sæta gæðaeftirliti og voru tveir þeirra áminntir en í tilviki þess þriðja var um ítrekað brot að ræða og lagði endurskoðendaráð því til við ráðherra að réttindi hans yrðu felld niður.

Endurskoðendaráð valdi þau endurskoðunarverkefni sem skoða átti og varð niðurstaðan sú að 21 endurskoðandi sætti gæðaeftirliti árið 2017 vegna reikningsársins 2016. Vegna sameiginlegrar áritunar voru þau verkefni sem framkvæmt var gæðaeftirlit á færri en endurskoðendurnir, en í tveimur tilvikum voru einnig skoðuð tvö verkefni sem sami endurskoðandi hafði áritað. Samtals voru skoðuð 14 verkefni.

Þann 26. september 2017 var breyting á reglum nr. 712/2015 birt B deild Stjórnartíðinda til þess að bregðast við fyrirmælum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006. Var gátlista 5 bætt við gæðaeftirlitið en breytingin á reglunum er nr. 822/2017.

Framkvæmd gæðaeftirlits

Þann 29. maí 2017 sendi endurskoðendaráð bréf til FLE þar sem óskað var eftir því að FLE framkvæmdi gæðaeftirlit hjá tilgreindum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Þau verkefni sem skoða átti hjá hverjum og einum endurskoðanda voru jafnframt tilgreind.

FLE sendi í kjölfarið bréf til endurskoðendaráðs með lista yfir 20 endurskoðendur sem höfðu lýst áhuga á að framkvæma gæðaeftirlitið. Endurskoðendaráð fór yfir upplýsingarnar sem bárust frá félaginu og var það niðurstaða ráðsins að samþykka alla þá sem óskuðu eftir því að vera gæðaeftirlitsmenn við framkvæmd gæðaeftirlits 2017. Endurskoðendaráð lagði það í hendur Félags löggiltra endurskoðenda að meta hvort þörf væri á að allir gæðaeftirlitsmenn framkvæmuðu eftirlitið.

Þann 26. september 2017 hélt gæðaneftir Félags löggiltra endurskoðenda í samstarfi við endurskoðendaráð námskeið fyrir gæðaeftirlitsmenn vegna gæðaeftirlits 2017.

Gæðaeftirlitið skiptist í fimm megin hluta og var markmið eftirlitsins að ganga úr skugga um að endurskoðendur hlíti ákvæðum laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Fyrsti hlutinn sneri að því að kanna hvort endurskoðendur uppfylli skilyrði II. kafla laganna um réttindi endurskoðenda. Í öðrum hlutanum var tekið til skoðunar hvort formlegt gæðakerfi væri til staðar í endurskoðunarfyrirtæki, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna. Þriðji hluti gæðaeftirlitsins beindist síðan að því að kanna hvort endurskoðendur fær að bráðabirgðaákvæði II um góða endurskoðunarvenju við framkvæmd endurskoðunar samkvæmt 9. gr. laganna. Í fjórða

hlutanum voru einingar tengdar almannahagsmunum sérstaklega skoðaðar. Fimmti hluti eftirlitsins beindist að aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Gæðaeftirlitinu var beint að einstökum endurskoðendum, hvort sem þeir árituðu einir eða með öðrum. Af þeim endurskoðendum sem árituðu ársreikning vegna reikningsársins 2016 voru 8 endurskoðendur með ETA verkefni og einn endurskoðandi sætti endurteknu eftirliti. Ekki var framkvæmt eftirlit hjá þremur endurskoðendum vegna neitunar þeirra að sæta gæðaeftirliti. Í þeim tilvikum beitti endurskoðendaráð þeim úrræðum sem ráðinu eru fengin í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur og áminnti two endurskoðendur ásamti því að tilkynna viðkomandi að til stæði að boða viðkomandi i endurtekið eftirlit að ári liðnu. Í tilviki eins endurskoðanda var lagt til við ráðuneytið að viðkomandi yrði sviptur réttindum sínum en máli því er ekki lokið. Endurskoðendaráð lítur það alvarlegum augum að endurskoðendur neiti að sæta lögbundnu gæðaeftirliti, enda er slikt skyrt brot á 22. gr. laga um endurskoðendur þar sem kveðið er á um það að endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum sé skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti.

Gæðaeftirlitið hófst í október 2017 og lauk framkvæmd þess af hálfu Félags löggiltro endurskoðenda að mestu með skýrslu gæðanefndar félagsins til endurskoðendaráðs í desember 2017, en gæðaeftirlit með einu verkefni fór fram á árinu 2018. Í skýrslu gæðanefndarinnar kom fram umsögn nefndarinnar um framkvæmd og niðurstöður gæðaeftirlits. Gæðanefnd starfaði samkvæmt reglum endurskoðendaráðs um framkvæmd gæðaeftirlits og eigin verklagsreglum sem gæðanefndin hefur sett um framkvæmd eftirlitsins. Nefndin fjallaði um skýrslur gæðaeftirlitsmanna eftir því sem þær bárust og setti fram ábendingar eða athugasemdir ef hún taldi ástæðu til. Starfsmaður endurskoðendaráðs sótti gæðaeftirlitsskýrslurnar á skrifstofu FLE, en skýrslur gæðaeftirlitsmanna ásamt umsögn eða athugasemdum, sem fram höfðu komið við gæðaeftirlitið, voru afhentar ráðinu með nafnleynd.

Við gæðaeftirlitið var stuðst við reglur nr. 712/2015, um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda. Gátlistarnir skiptast í fimm megingafla, sem eru eftirfarandi:

- Gátlisti 1: Almennar upplýsingar
- Gátlisti 2: Innra gæðaeftirlitskerfi
- Gátlisti 3: Gæðaeftirlit vegna endurskoðunarverkefna
- Gátlisti 4: Einingar tengdar almannahagsmunum
- Gátlisti 5: Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Í gátlistunum er vísað til ákvæða í lögum um endurskoðendur, ákvæða í alþjóðlegum endurskoðunarstaðli um gæðakerfi (ISQC 1), ákvæða í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, ákvæða í almennum endurskoðunarstöðlum (ISA), er talið hefur verið að feli í sér góða endurskoðunarvenju. Við gæðaeftirlitið var tekið tillit til stærðar og umfangs endurskoðunarverkefna og við það miðað að skráning og öflun endurskoðunargagna væri í samræmi við tilmæli ISA staðlanna og nægilegur rökstuðningur væri fyrir því áli í endurskoðandans sem fram kemur í áritun hans á endurskoðaðan ársreikning. Jafnframt hefur gæðaeftirlitið þann tilgang að miðla gagnlegum ábendingum til þeirra sem sæta gæðaeftirliti.

Eðli mál samkvæmt gildir það verklag við gæðaeftirlit að byggja verður á skráningu endurskoðunar í því verkefni sem er til skoðunar hverju sinni. Skráning, öflun og varðveisla endurskoðunargagna hefur alltaf verið mikilvægur þáttur endurskoðunar bæði fyrir og eftir gildistöku núgildandi laga um endurskoðendur.

Ef eftirlit samkvæmt gátlista 1 og 2 hafði verið framkvæmt á síðustu tveimur árum hjá viðkomandi endurskoðunarfyrirtæki var aðeins framkvæmt eftirlit á grundvelli gátlista 3, 4 og 5.

Niðurstaða gæðaeftirlitsins

Endurskoðendaráð fór yfir skýrslur gæðaeftirlitsmannna jafn óðum og þær bárust frá Félagi löggiltira endurskoðenda og tók afstöðu til frekari meðferðar, sem felst helst i einhverju af eftirfarandi:

- Ef ekki hafa komið í ljós annmarkar er málinu lokið án frekari afskipta. Endurskoðendaráð getur þó óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum ef þurfa þykir til að komast að niðurstöðu.
- Ef óverulegir annmarkar hafa komið í ljós skal veita endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem í hlut á hæfilegan frest til að bæta úr þeim sbr. 1. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Endurskoðendaráð metur í hverju tilviki fyrir sig hvort þörf sé á endurteknu eftirliti eða hvort málinu er lokið með tilmælum um breyta starfshætti í framtíðinni.
- Telji endurskoðendaráð sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið gegn lögum um endurskoðendur svo að ekki verði við unað skal endurskoðendaráð í rökstuddu áliði veita viðkomandi aðila áminningu eða leggja til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Áður en endurskoðendaráð tekur ákvörðun er endurskoðendum veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Niðurstöður gæðaeftirlits 2017

<i>Endurskoðendur sem sættu eftirliti (ekki ETA verkefni)</i>	16	
Engar athugasemdir eða ábendingar	0	
Einungis athugasemdir	1	Færri en 4 athugasemdir
Einungis ábendingar	1	Færri en 4 ábendingar
Athugasemdir og ábendingar	8	Allir með færri en 5 athugasemdir
Athugasemdir, ábendingar og endurtekið eftirlit	3	Athugasemdir voru frá 6 til 11
Áminning vegna niðurstöðu í gæðaeftirliti	0	
Neita að sæta eftirliti	3	
<i>Endurskoðendur með ETA verkefni</i>	10	
Einungis athugasemdir	0	
Engar athugasemdir eða ábendingar	2	
Einungis ábendingar	2	Færri en 5 ábendingar
Athugasemdir og ábendingar	6	Allir með 3 eða færri athugasemdir
Athugasemdir, ábendingar og endurtekið eftirlit	0	
Samtals alls	26	

*Tölfræðin miðast við verkefni endurskoðenda, en tveir endurskoðendur voru með tvö verkefni.

Niðurstöður gæðaeftirlits 2017 eftir gátlistum

- Gátlisti 1 – almennar upplýsingar
 - Engar athugasemdir/ábendingar
- Gátlisti 2 – innra gæðacftirlitskerfi
 - Engar athugasemdir/ábendingar
- Gátlisti 3 – framkvæmd endurskoðunar
 - Athugasemdir/ábendingar hjá 20 aðilum.
- Gátlisti 4 – einingar tengdar almannahagsmunum
 - Engar athugasemdir/ábendingar
- Gátlisti 5 – aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
 - Athugasemdir/ábendingar hjá 4 aðilum.

Samanburður á niðurstöðum gæðaeftirlits 2016 og 2017

Niðurstöður gæðaeftirlits 2017 eru að nokkru leyti frábrugðnar niðurstöðum fyrri ára að því leyti að gátlisti 5 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka bættist við.

Í gæðaeftirliti 2017 voru tveir endurskoðendur eða 8,7% sem fengu hvorki ábendingar né athugasemdir en í gæðaeftirlit 2016 fengu allir endurskoðendur sem sættu eftirliti annað hvort ábendingar eða athugasemdir. Eingöngu voru gerðar ábendingar hjá 13% af þeim endurskoðendum sem sættu gæðacftirliti, samanborið við 31% árið 2016 og 25% árið 2015.

Þá voru 65% þeirra sem sættu eftirliti 2017 með frá einni til fjögurra athugasemda. Árið 2016 var hlutfallið 53% og 39% árið 2015.

Hlutfall þeirra sem sættu gæðaeftirliti og voru með fimm eða fleiri athugasemdir var mjög svipað árið 2017 og 2016 en árið 2017 var hlutfallið 13% samanborið við 12% árið 2016. Í öllum tilvikum voru athugasemdirnar þess eðlis og fjöldi þeirra það mikill að viðkomandi endurskoðendum var gert að sæta endurteknu gæðaeftirliti. Í gæðaeftirliti 2016 var einum endurskoðanda gert að sæta endurteknu gæðaeftirliti vegna fjölda alvarlega athugasemda og sætti sá endurskoðandi endurteknu eftirliti árið 2017.

Loks veitti endurskoðendaráð tveimur endurskoðendum áminningu fyrir neitun á að sæta gæðaeftirliti. Árin 2015 og 2016 veitti endurskoðendaráð í hvort skipti einum endurskoðanda áminningu vegna fjölda athugasemda sem fram komu.

Þegar niðurstöður gæðaeftirlits 2017 eru bornar saman við niðurstöður eftirlits 2016 og 2015 vekur athygli að fjórir endurskoðendur fengu ábendingar/athugasemdir vegna gátlista 5, en hann kom fyrst til skoðunar í gæðaeftirliti 2017. Þá vekur athygli að þremur endurskoðendum

i gæðaeftirliti 2017 var gert að sæta endurteknu gæðaeftirliti samanborið við einn endurskoðanda árið 2016. Þá fagnar endurskoðendaráð þeim úrbótum sem orðið hafa hjá þeim endurskoðanda sem sætti endurteknu gæðaeftirliti 2017.

Athugasemdir og ábendingar í gæðaeftirlit 2017 snuru að mörgu leyti að sömu atriðum og áður og ber þar helst að nefna:


- Greiningaraðgerðir á öllum stigum endurskoðunar.
- Áhættumat og sviksemisgreiningu, þar á meðal mat á rekstrarhæfi.
- Aðgerðir vegna hættu á að stjórnendur fari fram hjá innra eftirliti.
- Endurskoðun tekna.
- Skilgreiningar á tengdum aðilum, mat á áhættu vegna þeirra og framsetning í skýringum.
- Lok endurskoðunar, þar á meðal yfirferð á uppgjörs- og lokafærslum.
- Mat á óhæði og vinnu sérfraðinga.
- Framsetning, orðalag og undirritanir á ráðningarábréf og staðfestingarábréf.


Sú athugasemd/ábending sem oftast kom vegna nýs gátlista 5 var sú að ekki var framkvæmd könnun á áreiðanleika viðskiptamanns.

Í mörgum tilvikum benti endurskoðendaráð jafnframt á að ráðningarábréf tilgreindu ekki tilvisun í áætlað form áritunar ásamt umfjöllun um að áritun geti orðið önnur en vænst er, líkt og krafist er samkvæmt ISA 210.10, lið e. Þá gerði endurskoðendaráð jafnframt allnokkrar athugasemdir við frágang og varðveislu lokaútgáfu endurskoðunargagna, sbr. ISA 230.14. Framangreind atriði höfðu ekki verið skoðuð sérstaklega í gæðaeftirliti fyrr en í gæðaeftirlitinu 2015.


Undirbúningur er hafinn hjá endurskoðendaráði fyrir gæðaeftirlit 2018 en gert er ráð fyrir því að eftirlitið hefjist í september eða október 2018.

Endurskoðendaráði, 12. júní 2018.


Áslaug Árnadóttir


Hildur Árnadóttir


Jónasson


Pálína Árnadóttir


Þórður Reynisson